

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 151/2004**

**frá 29. október 2004**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2004 frá 24. september 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB frá 29. apríl 2004 um öryggi járnbrauta í Bandalaginu og um breytingu á tilskipun ráðsins 95/18/EB um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja og tilskipun 2001/14/EB um úthlutun aðstöðu við járnbrautargrunnvirki og álagningu gjalda fyrir notkun á járnbrautargrunnvirkjum og fyrir öryggisvottun <sup>(2)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 16, skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/50/EB frá 29. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/48/EB um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB um rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins <sup>(3)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 40, skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/51/EB frá 29. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/440/EBE um þróun járnbrauta innan Bandalagsins <sup>(4)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 58, skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/525/EB):

„42e. **32004 L 0049**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB frá 29. apríl 2004 um öryggi járnbrauta í Bandalaginu og um breytingu á tilskipun ráðsins 95/18/EB um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja og tilskipun 2001/14/EB um úthlutun aðstöðu við járnbrautargrunnvirki og álagningu gjalda fyrir notkun á járnbrautargrunnvirkjum og fyrir öryggisvottun (Stjtið. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 44), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 16.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 41.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 44.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 114.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 164.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 41b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB) og lið 42a (tilskipun ráðsins 95/18/EB):

„- **32004 L 0049**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB frá 29. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 44), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 16.“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 37a (tilskipun ráðsins 96/48/EB) og lið 37d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 L 0050**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/50/EB frá 29. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 114), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 40.“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 37. lið (tilskipun ráðsins 91/440/EB):

„- **32004 L 0051**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/51/EB frá 29. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 164), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 58.“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/49/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 16, tilskipunar 2004/50/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 40, og tilskipunar 2004/51/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 58, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*